

Verklagsreglur um úthlutun framkvæmdafjár úr Menningarnæturpotti Landsbankans.

1.gr.

Menningarnótt er þátttökuhátíð sem byggir á framlagi fjölda aðila sem standa að menningarlífi í borginni og eins framlagi annarra aðila sem nota þetta tækifæri til að setja svip á borgarlífið.

Markmið Menningarnætur er að hvetja borgarbúa til menningarþátttöku með því að beina kastljósinu að því fjölbreytta og ríkulega framboði af menningarviðburðum og kraftmikilli menningarstarfsemi sem borgin hefur upp á að bjóða.

Menningarnótt markar upphaf menningarárs Reykjavíkurborgar þegar hátíðar, söfn, leikhús, menningarstofnanir, listhópar, listamenn og fjölmargir aðrir hefja sína vetrardagskrá. Hún er fastur liður í hátíðarlandslagi borgarinnar, haldin seinnipart ágúst hvert ár.

Við úthlutun framkvæmdarfjár er tekið mið af Menningarstefnu Reykjavíkurborgar 2014-2020 og ferðamálastefnu Reykjavíkur 2011-2020. Reykjavík er höfuðborg menningar í landinu og í henni mætist ólíkar stefnur og straumar. Borgin leggur rækt við menningarlega sjálfsmynd sína, byggða á drifkrafti einstaklinga og menningarstofnana, gróskumikilli grasrót, sívirkum félagasamtökum og samstarfi þeirra á milli.

2.gr.

Markmiðið með úthlutun framkvæmdarfjár er að styðja hugmynd til framkvæmdar. Þegar fjárhagsáætlun komandi hátíðar liggur fyrir er gert ráð fyrir að hluta fjármagns sé úthlutað til samstarfsaðila vegna kostnaðar við framkvæmd viðburða, eða sem samsvarar styrkveitingu bakhjarla í Menningarnæturpottinn.

Menningarnæturpotturinn er samstarfsverkefni Höfuðborgarstofu og Landsbankans sem verið hefur máttarstólpi Menningarnætur frá upphafi. Miðað er við að veittir séu styrkir úr Menningarnæturpottinum, 100–500.000 kr. til einstaklinga og hópa sem vilja skipuleggja fjölbreytta og áhugaverða viðburði á Menningarnótt. Ár hvert er kastljósinu beint að ákveðnum hverfahluta í miðborginni með það fyrir augum að efla svæðið sérstaklega. Um 1/3 styrkja fer í viðburði sem tengjast hverfahlutanum og 2/3 í aðra viðburði hátíðarinnar.

3.gr.

Við heildarúthlutun framkvæmdafjár skal haft í huga eftirfarandi:

- aldursdreifing (börn, unglingar, fullorðnir, eldri borgarar)
- dreifing á hverfahluta
- dreifing á listgreinar
- viðburðir fari fram:
 - á torgum, í húsasundum, görðum, galleríum, verslunum, menningarstofnunum og heimahúsum o.sv.frv.

Við mat umsókna er jafnframt haft í huga:

- menningarlegt gildi verkefnisins
- ólíkar stefnur og straumar mætist
- nýsköpun og frumkvöðlastarfi veitt brautargengi
- hvernig verkefnið auðgar barnamenningu í borginni
- hugsað sé til jaðarhópa/minnihlutahópa (t.d. fjölmening, fatlaðir)
- samstarf ólíkra aðila
- fagleg hæfni aðstandenda þar sem það á við
- fjármögnun og framkvæmdageta
- margir njóti
- ekki eru veittir útgáfustyrkir.

4.gr.

Auglýst skal eftir umsóknum í maí mánuði. Rafrænni umsókn skal skilað á vef Menningarnætur, www.menningarnott.is. Styrkumsóknir afgreiddar fyrir júní lok.

Við úthlutun framkvæmdarfjár gildir reglan um hæfilega fjarlægð og í takti við góða stjórnáslu. Verkefnastjórn Menningarnætur metur umsóknir og leggur fram tillögur sínar til endanlegrar afgreiðslu á stjórnarfundi. Auk þess skulu allar umsóknir samþykktar af bakhjarli Menningarnæturpottsins.

Verkefnastjórar hafa heimild til að taka sjálfstæðar ákvarðanir um framkvæmdafé sem nemur allt að 100 þúsund krónum á hvert einstakt verkefni eftir að formlegri afgreiðslu umsókna er lokið, hafi viðbótarfjármagn vegna viðburða komið til á seinni stigum. Tilkynnt skal um þá úthlutun á næsta stjórnarfundi.

5.gr.

Þeim sem njóta framkvæmdafjár úr Menningarnæturpottinum ber að skrifa undir samning þess efnis þar sem útlistað er hverjar skyldur og ábyrgð styrkþega eru.

Samþykkt í stjórn Menningarnætur 31.03.2017